

EFTIRLITSSKÝRSLA



First Water hf. (áður Landeldi hf.) Laxabraut 21, 23 og 25 Þorlákshöfn Olfusi

Dags eftirlits	4.12.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	First Water hf. (áður Landeldi hf.)	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Laxabraut 21, 23 og 25	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	650417-1510	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Ingibjörg Ásbjörnsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Vilborg Magnúsdóttir, Katrín Axelsdóttir, Zane Kauzena	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sex frávik komu fram í eftirlitinu. 1) Grænu bókhaldi var ekki skilað á tilskildum tíma. 2) Ársyfirliti var ekki skilað á tilskildum tíma. 3) Útstreymisbókhaldi var ekki skilað á tilskildum tíma. 4) Vantar árekstravarnir við olíugeyma. 5) Hreinsun frárennslisvatns er ekki í samræmi við kröfur í starfsleyfi. 6) Engar myndir voru teknar af útrás. Ekkert frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða landeldisstöð þar sem hámarkslífmassi má ekki fara yfir 3450 tonn á hverjum tíma.

Boðað umfang eftirlitsins:

- Staðan frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Starfsleyfi rekstraraðila og skil samkvæmt því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir
- Skoðunarferð
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Fylgiskjöl

1. Fimm frávik komu fram í eftirliti árið 2024 og fjórar ábendingar voru settar fram. Öllum frávikum hefur verið lokað og brugðist var við ábendingum.

Þann 18. mars 2025 óskaði rekstraraðili eftir tímabundinni heimild til að losa óhreinsað eldisvatn í viðtaka við suðurströnd Íslands, þ.e. í vatnshlotið Stokkseyri að Þorlákshöfn (nr. 103-1341-C). Umhverfis- og orkustofnun tilkynnti í bréfi dags. 12. júní 2025 að stofnunin áformaði að hafna beiðni félagsins. Engar athugasemdir bárust. Þann 29. september 2025 tilkynnti Umhverfis- og orkustofnun rekstraraðila ákvörðun sína um að beiðninni væri hafnað. Sú ákvörðun var kæránleg innan eins mánaðar frá dagsetningu ákvörðunarinnar.

2. Farið var yfir áhættumat fyrir árið 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

3. Grænu bókhaldi vegna ársins 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí sl. og því skráð frávik þar um. Grænu bókhaldi var skilað þann 14. maí 2025 og er frávikinu því lokað. Ársyfirliti vegna ársins 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí sl. og því skráð frávik þar um. Ársyfirliti var skilað þann 11. júlí 2025 og er frávikinu því lokað. Útstreymisbókhaldi vegna ársins 2024 var skilað inn fyrir 1. maí sl. og því skráð frávik þar um. Útstreymisbókhaldi var skilað þann 14. maí 2025 og er frávikinu því lokað. Framleiðsla ársins 2024 var 1567 tonn og fódurnotkun var 1545 tonn.

4. Fosfórlosun fyrir árið 2024 reiknast út frá fóðri 7,7 kg P/tonn sem er innan marka starfsleyfis.

5. Farið var yfir áætlanir og eru þær allar til staðar. Rekstraraðili er með gilda tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004 og var skírteini því til staðfestingar sent eftirlitsaðila að eftirlitinu loknu.

6. Gengið var um stöðina og umhverfið skoðað, miklar framkvæmdir eru á svæðinu enda er uppbygging í gangi.

Í fasa 1 hafa verið tekin í notkun stærri ker sem eru 25 m í þvermál og er lax kominn í þau ker. Frá þessum kerjum fer vatnið óhreinsað út í sjó sem er frávik. Rekstraraðili skal taka myndir tvisvar á ári við útrásina til að fylgjast með hvort starfsemin hafi áhrif á umhverfið þar í kring. Engar myndir voru teknar árið 2024 og er það frávik. Töluvert af fugli var við frárennslið. Árekstravarnir eru ekki við olútank á útsvæðinu.

7. Tvær efnageymslur eru í stöðinni og eru þær báðar með lekabyttum og öryggisblöð eru aðgengileg í efnageymslum.

8. Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí sl. fer stofnunin yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Farið var stuttlega yfir nýju leiðbeiningarnar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 4.4 í starfsleyfi.	Rekstraraðila ber að skila inn ársyfirliti og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Ársyfirliti fyrir árið 2024 var skilað inn 11. júlí 2025, frávikin er lokað.
gr 4.5 í starfsleyfi.	Rekstraraðila ber að skila inn grænu bókhaldi og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Grænu bókhaldi fyrir árið 2024 var skilað inn 14. maí 2025, frávikin er lokað.
2.gr. rgl.990/2008 um útstreymisbókhald.	Rekstraraðila ber að skila inn útstreymisbókhaldi og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2024 var skilað inn 14. maí 2025, frávikin lokað.
41. gr. í reglugerð 884/2017 um varnir Mengunarvarnir þurfa að vera tryggðar. Árekstrarvörn vantaði við olíugeymi á gegn olíumenguna frá starfsemi á landi.	svæðinu.
gr. 3.5 í starfsleyfi.	Taka skal myndir tvisvar á ári við útrásina til að fylgjast með hvort starfsemin hafi áhrif á umhverfið þar í kring. Engar myndir voru teknar við útrásina fyrir árið 2024.
gr. 3.5 í starfsleyfi.	Rekstraraðili skal tryggja viðunandi hreinsun frárennslisvatns með tromlusíu eða öðrum sambærilegum eða betri búnaði sem hreinsar frárennslið áður en því er veitt í viðtaka. Frárennsli frá stóru kerjununum er veitt óhreinsuðu í viðtaka.

ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

ANNAD

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Reykjavík, 07.01.2026

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Auður Eyberg Helgadóttir